

Evrópuþingið

Úttekt

Hér er gerð grein fyrir Evrópuþinginu, hlutverki þess innan Evrópusambandsins, fyrirkomulagi, kosningum, þingflokkum og nefndastarfi.

Evrópuþingið var stofnað 1952 eða sama ár og Kola- og stálbandalag Evrópu, sem varð síðar að Evrópusambandinu (ESB). Í fyrstu var þingið eingöngu ráðgjafarþing og komu þingmennirnir þá frá þjóðþingum aðildarríkjanna. Völd Evrópuþingsins hafa aukist mikið með árunum í samræmi við viðleitni ESB til að auka lýðræðislega ábyrgð og gagnsæi í stefnumótun Sambandsins. Hlutverk þingsins er nú þrjúþætt: Það samþykkir lög í samvinnu við ráðið, deilir fjárveitingarvaldinu með ráðinu og sinnir lýðræðislegu eftirliti með öllum stofnunum ESB. Frá árinu 1979 hefur verið kosið beint til Evrópuþingsins á fimm ára fresti í öllum aðildarríkjum ESB. Síðast var kosið til þingsins í maí 2019. Alls var 751 þingmaður kosinn til þings árið 2019 en það er hámarksfjöldi þingmanna samkvæmt Lissabon-sáttmálanum, sem gekk í gildi 1. desember 2009. Vegna útgöngu Bretlands úr ESB fækkaði hins vegar þingsætum niður í 705 frá og með 1. febrúar 2020.¹ Hlutfall karla á þinginu er 59,4% og kvenna 40,6%.

Hlutverk

Evrópuþingið og ráðið fara sameiginlega með löggjafarvald en það er framkvæmdastjórn ESB sem setur fram tillögur að lögum. Þingið hefur því ekki frumkvæði að lagasetningu en það getur hvatt framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögur, sem það telur mikilvægar. Þingið deilir jafnframt fjárveitingarvaldinu með ráðinu en hefur úrslitavaldið við afgreiðslu fjárlaganna. Þingmenn kjósa forseta framkvæmdastjórnarinnar á grundvelli tillögu leiðtogaáráðsins, sem tekur mið af niðurstöðu kosninga til Evrópuþingsins. Samþykki Evrópuþingsins þarf jafnframt fyrir skipan nýrrar framkvæmdastjórnar. Ekki er hægt að samþykkja aðildarsamning við umsóknarríki án samþykkis meirihluta þingmanna. Að lokum sinnir þingið lýðræðislegu eftirliti með öllum stofnunum ESB. Evrópuþingið getur þannig, með 2/3 hluta atkvæða, lýst vantrausti á framkvæmdastjórn ESB, sem þá verður að segja af sér sem heild.

Eftir gildistöku Lissabon-sáttmálans eru flestar gerðir (reglugerðir, tilskipanir og ákvarðanir) nú settar með svokallaðri almennri lagasetningarmeðferð (e. ordinary legislative procedure), sem áður kallaðist samákvörðunarferli (e. codecision procedure). Samkvæmt hinni almennu lagasetningarmeðferð hafa Evrópuþingið og ráðið sama vægi við mótun nýrrar löggjafar og krefst

¹ Við útgöngu Bretlands úr ESB hurfu 73 breskir Evrópuþingmenn á brott. Tuttugu og sjö af þessum 73 sætum var skipt niður milli 14 aðildarríkja og er því heildarfjöldi þingmanna á Evrópuþinginu nú 705 en ekki 751. Í tengslum við Evrópuþingskosningarnar 2019 gerðu þessi 14 ríki ráðstafanir til að fylla í sætin sem losnuðu. Þau 46 sæti sem eru eftir eru frátekin fyrir möguleg ný aðildarríki og/eða hugsanlegt fjölþjóðlegt kjördæmi í Evrópuþingskosningum í framtíðinni.

hún samþykkis beggja stofnana. Almenna lagasetningarmeðferðin nær til meirihluta þeirra málaflokka sem falla undir valdsvið ESB, eða u.þ.b. 85.

Í ákveðnum tilfellum er hins vegar notuð svokölluð sérstök lagasetningarmeðferð (e. special legislative procedure) en hún skiptist í samráð (e. consultation) og samþykki (e. consent) og fer það eftir málaflokknum hvor tegundin á við. Þegar sérstök lagasetningarmeðferð er notuð má segja að ráðið hafi lagasetningarvaldið.² Í samráðsferlinu getur þingið samþykkt, hafnað eða lagt til breytingar á frumvarpi en ráðinu ber þó ekki skylda til að taka tillit til álitis þingsins.³ Samráðsferlið er t.a.m. notað í viðkæmum málum eins og þeim sem snúa að undanþágum á innri markaðnum og samkeppnislögum. Í samþykkisferlinu hefur þingið vald til að samþykkja eða hafna lagafrumvarpi með hreinum meirihluta en getur ekki lagt til breytingar. Ráðið getur ekki hnekk álit þingsins. Samþykkisferlið er t.d. notað þegar teknar eru ákvarðanir um tiltekna alþjóðasamninga, sem ESB hefur gert, og þegar greidd eru atkvæði um inngöngu nýrra aðildarríkja í Sambandið.

Fyrirkomulag

Opinbert aðsetur Evrópuþingsins er í Strassborg í Frakklandi. Þar kemur þingið saman í fjóra daga í hverjum mánuði nema í ágúst (vegna sumarfrís). Í hverjum mánuði fer fram tveggja vikna nefndastarf í fastanefndunum 20 í Brussel í Belgíu en þar hafa ráðið og framkvæmdastjórnin aðsetur. Venjulega heldur Evrópuþingið einnig „litla allsherjarfundi“ í Brussel tvo daga í mánuði og jafnframt eru fundir haldnir þar eina viku í mánuði í flokkahópunum. Meginundirbúningur allsherjarfunda þingsins fer því fram í Brussel. Aðalskrifstofa Evrópuþingsins er í Lúxemborg. Það fyrirkomulag að skipta starfsemi þingsins milli þriggja borga hefur sætt gagnrýni og stór hópur vill að þinghaldið verði alfarið flutt til Brussel. Ástæðan fyrir því að Strassborg varð fyrir valinu sem vettvangur allsherjarþingsins er söguleg og táknræn fyrir sættir Frakka og Þjóðverja.

Allar umræður í þinginu eru túlkaðar jafnóðum á 24 tungumál ESB og þingskjöl eru jafnframt þýdd og gefin út á öllum tungumálunum. Rúmlega 7.800 starfsmenn starfa á Evrópuþinginu, þ.m.t. aðstoðarmenn þingmanna og starfslíð flokkahópa. Rétt rúmlega 5.000 manns starfa í Brussel, tæplega 2.200 í Lúxemborg, nærri 300 í Strassborg og 300 á öðrum stöðum.

Þann 14. júlí 2009 tóku gildi [ný lög](#) um þingmenn en þau hafa það markmið að gera kjör þeirra og starfsskilmála gegnsærri. Meðal þeirra breytinga sem lögin fela í sér eru ákvæði um að allir þingmenn fái sömu laun og að ferðakostnaður byggist á raunverulegum útgjöldum en ekki fastri upphæð eins og áður var raunin. Mánaðarlaun Evrópuþingmanns miðast við 38,5% af grunnlaunum

Almenna lagasetningarmeðferðin í stuttu máli:

Framkvæmdastjórnin sendir tillögu til þingsins og ráðsins og hvor aðili um sig tekur tillöguna fyrir einu sinni, tvisvar eða þrisvar sinnum eftir því hvort hún er samþykkt við fyrstu, aðra eða þriðju umræðu. Ef báðar stofnanir samþykkja nær tillagan fram að ganga. Ef Evrópuþingið og ráðið eru ekki sammála eftir að hafa fjallað tvisvar um tillöguna er kölluð saman sáttanefnd, sem samanstendur af fulltrúum ráðsins (28, þ.e. einn frá hverju aðildarríki, og jafnmörgum fulltrúum þingsins (28). Framkvæmdastjórnin tekur einnig þátt í málsmeðferð sáttanefndarinnar sem málamiðlari. Þegar nefndin hefur náð sameiginlegri niðurstöðu er textinn sendur þinginu og ráðinu til þriðju umferðar áður en hann er endanlega samþykktur eða honum hafnað.

² Í örfáum tilvikum er þessu þó öfugt farið, þ.e. þingið leitar samráðs eða samþykkis ráðsins.

³ Samkvæmt dómaframkvæmd dómstóls Evrópusambandsins getur ráðið ekki tekið ákvarðanir án þess að hafa fyrst fengið álit þingsins.

dómara við Dómstól Evrópusambandsins og þann 1. júlí 2019 voru heildarlaunin fyrir skatt 8.932,86 evrur (tæplega 1,4 milljónir kr.).

Kosningar

Kosið er til Evrópuþingsins á fimm ára fresti og síðustu kosningar fóru fram dagana 23.–26. maí 2019. Kosið er á landsvísi og fer hlutfall þingmanna hvers lands stíglækkandi eftir því sem íbúafjöldinn er meiri og því fá fámennari aðildarríkin úthlutað hlutfallslega fleiri þingsætum en þau fjölmennari. Flestir þingmennanna eru frá Þýskalandi (96) og fæstir frá Möltu (6) en það er hámarks- og lágmarksfjöldi þingmanna eftir þeim reglum sem nú gilda. Heildarkosningaþátttaka var 50,6% og hefur hún ekki verið meiri síðan árið 1994 þegar hún var 56,7% en mest var hún árið 1979 (61,8%) þegar kosningar til þingsins fóru fyrst fram. Mest var kosningaþátttakan í Belgíu (88,5%) og Lúxemborg (84,2%), þar sem kjósendum ber skylda til að kjósa, og minnst var hún í Slóvakíu (22,7%) og Tékklandi (28,7%). Í fjölmennustu aðildarríkjunum, að Bretlandi undanskildu, var kosningaþátttaka á bilinu 50–61% (50% í Frakklandi, 55% á Ítalíu og um 61% í Þýskalandi). Evrópskir íhaldsflokkar (*Group of the European People's Party (Christian Democrats)* (EPP)) og jafnaðarmenn (*Group of the Progressive Alliance of Socialists and Democrats in the European Parliament* (S&D)) töpuðu miklu fylgi en frjálslyndir miðjuflokkar, græningjar og popúlískir hægri flokkar, sem eru andsnúnir ESB, bættu við sig talsverðu fylgi. Engu að síður eru EPP (182 þingmenn) og S&D (154 þingmenn) enn stærstu flokkahóparnir. Þingmenn kusu forseta þingsins úr sínum röðum þegar nýtt þing kom saman. Fyrir valinu varð hinn ítalski David Sassoli úr S&D. Þingforseti er valinn til tveggja og hálfis árs í senn, þ.e. tvisvar á hverju kjörtímabili.

Flokkahópar

Þingmenn á Evrópuþinginu skipa sér í fylkingar á grundvelli pólitískrar hugmyndafræði. Í [flokkahópunum](#), sem eru sjö auk óháðra, eru 203 stjórnmalaflokkar og endurspegla þeir allt litróf stjórnmalanna og afstöðu til samrunaþróunar í Evrópu, allt frá stuðningsmönnum sambandsríkis til þeirra sem eru andvígir ESB. Enginn einn flokkahópur hefur til þessa haft meirihluta á þinginu og fyrirkomulagið er ekki sambærilegt við ríkisstjórnarsamstarf. Á þinginu hefur því myndast sterk hefð fyrir málamiðlunum milli þessara hópa. Einnig er rík hefð fyrir því að þingmenn fylgi sínum flokkahóp að málum frekar en að kjósa samkvæmt hagsmunum síns ríkis. Stóru flokkahóparnir tveir, EPP og S&D, hafa alltaf haft meirihluta á þinginu þar til í kosningunum 2019 þegar þingstýrkur þeirra fór niður fyrir 50%.

Hlutverk

Hlutverk flokkahópanna er í fyrsta lagi fólgið í því að taka afstöðu til lagafrumvarpa sem unnið er að í 20 fastanefndum og sérnefndum þingsins og gera breytingartillögur við þau ef þurfa þykir. Flokkahóparnir útnefna talsmann í hverri nefnd, sem miðlar upplýsingum til flokkahópsins um þau mál sem unnið er að og kemur afstöðu hópsins á framfæri innan viðkomandi nefndar. Flokkahóparnir reyna að ná saman um afstöðu til einstakra mála. Þar sem niðurstaða flokkahópanna er fengin með atkvæðagreiðslu að undangengnum umræðum og jafnvel samningaviðræðum þá fara vanalega flestir þingmenn að tilmælum flokkahópsins. Að niðurstöðu fenginni kemur talsmaður hópsins í einstökum málum sjónarmiðum hans á framfæri á nefndarfundum og þingfundum. Síðan gefa flokkahóparnir út tilmæli til sinna þingmanna um hvernig greiða skuli atkvæði um einstök mál innan nefnda og á þinginu. Allir ESB. Enginn einn flokkahópur hefur til þessa haft meirihluta á þinginu og fyrirkomulagið er ekki þingmenn geta þó vissulega kosið samkvæmt eigin samvisku í andstöðu við tilmæli flokkahópsins eða ákveðið að sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Í öðru lagi hafa flokkahóparnir mikilvægu hlutverki að gegna við val á forseta Evrópuþingsins, 14 varaforsetum þess, formönnum 20 fastanefnda þingsins og sérnefnda og skýrslugjöfum. Þeir

síðastnefndu vinna greinargerðir um mál, sem unnið er að í nefndum, og lögð eru fyrir þingið. Njóta skýrslugjafar aðstoðar starfsliðs viðkomandi nefndar við vinnu sína.

Í þriðja lagi hafa flokkahóparnir frumkvæði að því að setja mál á dagskrá þingsins, ákveða hvaða þingmenn taka til máls og hversu lengi.

Að lokum hafa þeir áhrif við val á æðstu embættismönnum þingsins eins og skrifstofustjóra þess.

Í vinnu sinni hafa flokkahóparnir oft samráð sín í milli eða eiga í samningaviðræðum um afstöðu til tiltekinna mála eða frambjóðenda til embætta.

Stofnun

Stofnun flokkahópa á sér stöð í [þingsköpum Evrópuþingsins](#). Samkvæmt þingsköpunum fyrir kjörtímabilið 2019-2024 þarf að lágmarki 25 þingmenn frá a.m.k. fjórðungi aðildarríkja (sjö lönd miðað við núverandi fjölda aðildarríkja) til að mynda flokkahóp. Ef flokkahópur uppfyllir ekki lengur skilyrði um fjölda þingmanna eða fjölda aðildarríkja þá getur þingforsetinn, með leyfi forsætisnefndar þingsins (e. Conference of Presidents), leyft honum að starfa út kjörtímabilið svo lengi sem þingmenn frá minnst 20% aðildarríkja eru í flokkahópnum og að hann hafi verið til í a.m.k. eitt ár. Þingmenn geta eingöngu verið í einum flokkahópi en geta skipt um flokkahóp eða ákveðið að vera utan flokkahópa sem óháðir. Ef þingmaður ákveður að skipta um flokkahóp eða gerast óháður þá heldur hann embætti sínu hjá þinginu, eins og t.d. formennsku í nefnd, þar til næst fer fram kosning í viðkomandi stöðu.

Lýsing á starfi flokkahópa

Flokkahóparnir koma saman mánaðarlega í svonefndri „flokkahópavíku“, sem haldin er í Brussel vikunni á undan þingfundi í Strassborg. Þá fara þeir yfir þau mál sem eru á dagskrá þingsins hverju sinni og taka afstöðu til þeirra. Auk þess funda flokkahóparnir fjórum sinnum á meðan þingfundi stendur í Strassborg.

Að auki hittast flokkahóparnir vanalega áður en nefndafundir fara fram til að móta afstöðu sína til einstakra mála undir forystu talsmanns flokkahópsins í viðkomandi nefnd.

Flokkahóparnir halda enn fremur bæði opna og lokaða fundi og ráðstefnur með aðilum eins og framkvæmdastjórum ESB, ráðherrum og stjórnáráðmönnum frá þjóðþingum aðildarríkja ESB, hagsmunahópum og frjálsum félagasamtökum.

Þingmenn einstakra ríkja innan hvers flokkahóps, sem oft koma úr sama stjórnáráðflokki, mynda svokallaðan landshóp (e. national delegation), sem er tengiliður við viðkomandi stjórnáráðflokki í heimalandinu. Flestir landshópar í stóru flokkahópnum hittast einu sinni í „flokkahópavíkunni“ og aftur á meðan þingfundum stendur. Landshóparnir taka stundum sameiginlega afstöðu til einstakra mála og reyna að koma fram sem blokk í viðræðum flokkahópanna. Í slíkum tilvikum þurfa iðulega að fara fram samningaviðræður á milli hópa þingmanna frá mismunandi löndum innan sama flokkahóps áður en niðurstaða flokkahópsins er fengin.

Þar fyrir utan hafa einnig verið stofnaðir svokallaðir [Evrópuflokkar](#) (e. European political party), sem eru samtök evrópskra stjórnáráðflokka með svipaðar pólitískar skoðanir. Þessi samtök standa utan Evrópuþingsins en í þeim koma saman þingmenn þjóðþinga sem og þingmenn þeirra stjórnáráðflokka sem sæti eiga á Evrópuþinginu. Í maí 2020 voru 10 þannig samtök skráð hjá ESB en

slík skráning veitir þeim lagalega viðurkenningu í öllum aðildarríkjum sem og möguleika á að sækja um styrki úr sjóðum ESB.⁴

Rekstur og starfsmenn

Hver flokkahópur skipar formann og einn eða tvo varaformenn og rekur skrifstofu til að halda utan um innri mál flokksins. Þingið leggur flokkahópunum til fé samkvæmt ákveðinni hlutfallsreglu til að standa straum af launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Kostnaður við rekstur flokkahópanna nemur að jafnaði um 15% af rekstrarkostnaði Evrópuþingsins. Fjöldi starfsmanna í hverjum flokkahóp er takmarkaður samkvæmt reglum þingsins. Þar ræður m.a. fjöldi þingmanna og tungumála, sem eru töluð innan flokkahóps.

Starfsliðið samanstendur af sérfræðingum og starfsmönnum, sem m.a. undirbúa fundi flokkahópsins, skrifa fundargerðir, og undirbúa þingmenn fyrir þátttöku í nefndum og þingfundum. Starfsmenn flokkanna þurfa ekki að taka hæfnispróf með sama hætti og starfsmenn þingsins. Þeir geta þó komið úr röðum þeirra sem hafa tekið slík próf auk þess sem þeir njóta sömu réttinda og starfsmenn þingsins.

Um flokkahópana (raðað eftir stærð)

Flokkahópur kristilegra demókrata (*Group of the European People's Party (Christian Democrats) - EPP*)

Stofnaður árið 1953, eða sama ár og þing Kola- og stálbandalags Evrópu. EPP hefur ætíð verið stærsti flokkahópurinn á þinginu að undanskildu tímabilinu 1975–1999. Þingmenn í flokkahópnum koma úr 47 stjórnarálflokkum, auk tveggja þingmanna utan flokka, frá öllum 27 aðildarríkjunum. Í krafti stærðar sinnar gegna þingmenn EPP nefndaformennsku í átta af 22 nefndum og undirnefndum þingsins og skipa fimm af 14 varaforsetum þess. Flokkahópurinn var upphaflega miðjuflokkur kristilegra demókrata en hefur færst meira til hægri.

Meginmarkmið EPP er að stuðla að samvinnu í Evrópu á lýðræðislegum og félagslegum forsendum, sem byggjast á einstaklingsfrelsi og kristnum gildum. Flokkahópurinn leggur áherslu á einingu Evrópu, valddreifingu samkvæmt nálægðarreglunni, jafnrétti, virðingu fyrir mannréttindum og réttarríkinu.

Formaður: Manfred Weber frá Þýskalandi.

Flokkahópur jafnaðarmanna (*Group of the Progressive Alliance of Socialists and Democrats in the European Parliament - S&D*)

S&D var stofnaður árið 1953 og er næststærsti flokkahópurinn á þinginu en var sá stærsti á árunum 1975–1999. Alls eiga 34 jafnaðarmannaflokkar frá 25 aðildarríkjum ESB aðild að flokkahópnum. Þingmenn S&D gegna formennsku í fimm af 22 nefndum og undirnefndum þingsins og skipa þrjá af 14 varaforsetum þess.

⁴ *European People's Party* (kristilegir demókratar og svipaðir flokkar), *Party of European Socialists* (jafnaðarmenn og sósíalistar), *Alliance of Liberals and Democrats for Europe* (frjálslyndir), *European Green Party* (græningjar), *European Conservatives and Reformists Party* (íhaldsmenn og umbótamenn, sem eru tortryggir gagnvart ESB og Evrópusamrunanum), *Identity and Democracy Party* (hægrisinnaðir þjóðernissinnar), *Party of the European Left* (vinstrisinnaðir), *European Democratic Party* (frjálslyndir miðjuflokkar), *European Free Alliance* (svæðisbundnir flokkar) og *European Christian Political Movement* (kristilegir demókratar).

Flokkahópurinn hefur einbeitt sér að félagslegum réttindum, jafnrétti kynjanna, réttlæti í skattamálum, aðgengi að ódýrari orku og baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Formaður: Iratxe García Pérez frá Spáni.

Flokkahópur frjálslyndra (*Renew Europe Group - Renew*)

Stofnaður í núverandi mynd samhliða Evrópuþingskosningunum vorið 2019. Flokkahópurinn hét áður *Group of the Alliance of Liberals and Democrats for Europe* (ALDE) og var settur á fót árið 2004 en hann rak rætur sínar til flokkahóps frjálslyndra (*Group of Liberals and Allies*), sem stofnaður var árið 1953. Renew er nú þriðji stærsti flokkahópurinn á Evrópuþinginu með þingmenn úr 38 stjórnmalaflokkum, auk tveggja þingmanna utan flokka, frá 22 aðildarríkjum.

Helstu stefnumál Renew eru í takt við það sem gengur og gerist hjá frjálslyndum miðjuflokkum í Evrópu. Lögð er áhersla á sanngjarnt, opið samfélag þar sem hver einstaklingur á að geta notið sín til fulls. Stefnt er að enn meiri samkeppnishæfni og velmegun í álfunni ásamt því að efla sjálfbæra þróun og umhverfisvernd. Renew leggur einnig áherslu á gagnsæja og lýðræðislega ákvarðanatöku, sem og virðingu fyrir mannréttindum, margbreytilegri menningu, trú og tungumálum.

Formaður: Dacian Cioloș frá Rúmeníu.

Flokkahópur hægrisinnaðra þjóðernissinna (*Identity and Democracy Group - ID*)

Stofnaður í núverandi mynd árið 2019 en hét áður *Europe of Nations and Freedom* (ENF), sem stofnaður var árið 2015. Þingmenn hópsins eru fulltrúar 10 stjórnmalaflokka í jafnmörgum aðildarlöndum.

Hugmyndafræði ID grundvallast á þjóðernisstefnu, lýðhyggju (popúlisma) til hægri og tortryggni gagnvart ESB og Evrópusamrunanum (e. Euroskepticism). Á stefnuskrá sinni fyrir kosningarnar 2019 lagði ID áherslu á að fjölga störfum og auka hagvöxt, efla öryggismál innan Sambandsins, koma í veg fyrir ólöglegan innflutning fólks og draga úr skrifræði innan ESB.

Formaður: Marco Zanni frá Ítalíu.

Flokkahópur græningja og svæðisbundinna flokka (*Group of the Greens/European Free Alliance - Greens/EFA*)

Stofnaður árið 1989 eftir að hafa verið hluti af bandalagi græningja, svæðisbundinna flokka og vinstriflokka, Regnbogabandalaginu, sem stofnað var 1984. Þingmenn hópsins eru fulltrúar 23 stjórnmalaflokka í 15 aðildarlöndum ESB.

Helstu stefnumál flokkahópsins eru umhverfismál, félagslegt réttlæti, grasrótarlýðræði, aukin sjálfsstjórn fyrir einstök svæði innan ESB, vernd mannréttinda og sjálfbær þróun.

Formenn: Ska Keller frá Þýskalandi og Philippe Lamberts frá Belgíu.

Flokkahópur sjálfstæðis- og endurbótasinna (*European Conservatives and Reformists Group - ECR*)

Stofnaður árið 2009. Er með þingmenn úr 18 stjórnmalaflokkum frá 15 aðildarríkjum. Á undanförunum árum hefur þjóðernissinnuðum aðildarflokkum flokkahópsins, sem eru t.d. á móti

móttöku flóttafólks og staðsetja sig lengra til hægri á hinu pólitíska litrófi en aðrir flokkar í flokkahópnum, fjölgað og hefur ECR þ.a.l. færst meira til hægri.

ECR leggur áherslu á fullveldi aðildarríkja og hefur verið á móti frekari Evrópusamruna. Hugmyndafræði flokkahópsins byggist jafnframt á áherslu á sanngjörn og frjáls viðskipti, samkeppnishæfni, lága skatta, einstaklingsfrelsi, orkuöryggi, mikilvægi fjölskyldunnar, markvissri stjórn á komum flóttafólks til Evrópu, meiri valddreifingu innan ESB og minna skriffræði.

Formenn: Ryszard Antoni Legutko frá Póllandi og Raffaele Fitto frá Ítalíu.

Flokkahópur vinstri-grænna í Evrópu og á Norðurlöndunum (*Confederal Group of the European United Left - Nordic Green Left - GUE/NGL*)

Upprunalega stofnaður árið 1973 sem flokkahópur kommúnista. Hópurinn hefur verið til í núverandi mynd síðan 1994 en var í reynd tveir flokkahópar frá 1989-1994. Þingmenn hópsins koma einkum úr röðum kommúnista og vinstri sósíalista. Alls eiga 18 stjórnsmálaflokkar frá 13 löndum aðild að GUE/NGL.

Helstu áherslur flokkahópsins snúa að efnahagslegu réttlæti, umhverfismálum, kvenfrelismálum, mannréttindum og borgaralegum réttindum, friðarmálum og lýðræðismálum.

Formenn: Manon Aubry frá Frakklandi og Martin Schirdewan frá Þýskalandi.


Óháðir (*Non-Inscrits - NI*)

Á tímabilinu 1979-1994 var til bandalag óháðra, sem gekk undir mismunandi nöfnum. Það var einkum samansafn þingmanna róttækra smáflokka til hægri og óháðra. Ástæðan fyrir stofnun bandalagsins var einkum þau áhrif og völd sem þingmenn flokkahópanna hafa umfram óháða. Frá árinu 1994 hefur slíkt bandalag hins vegar ekki verið til í neinni mynd þrátt fyrir tilvist óháðra þingmanna. Eftir kosningarnar 2019 eru óháðir þingmenn alls 29 talsins úr 10 stjórnsmálaflokkum og frá átta aðildarríkjum. Þeir hafa ákveðin réttindi á við þingmenn flokkahópa eins og að ráða sér starfslíð og fleira, sem kveðið er nánar á um í þingsköpum Evrópuþingsins. Almennt hafa óháðir þingmenn þó minni áhrif en þeir sem tilheyra flokkahópi, sérstaklega þegar kemur að vali á mönnum í embætti og vinnu í nefndum. Óháðir láta þar af leiðandi mest að sér kveða í almennum umræðum í þinginu.

Flokkar á Evrópuþinginu 2020	Lýsing	Sæta fjöldi fyrir Brexit	Sæta fjöldi eftir Brexit*	Hlutfall fyrir Brexit (%)	Hlutfall eftir Brexit (%)
EPP: <i>Group of the European People's Party (Christian Democrats)</i>	Kristilegir demókratar	182	187	24,23	26,52
S&D: <i>Group of the Progressive Alliance of Socialists and Democrats in the European Parliament</i>	Jafnaðarmenn	154	147	20,51	20,99
Renew: <i>Renew Europe Group</i>	Frjálslyndir miðjuflokkar	108	98	14,38	13,76
Greens/EFA: <i>Group of the Greens/European Free Alliance</i>	Grænir og svæðisbundnir flokkar	74	67	9,85	9,50
ID: <i>Identity and Democracy Group</i>	Hægrisinnaðir þjóðernissinnar	73	76	9,72	10,78
ECR: <i>European Conservatives and Reformists Group</i>	Íhaldsmenn og endurbótasinnar tortryggir gagnvart ESB	62	61	8,26	8,79
GUE/NGL: <i>Confederal Group of the European United Left - Nordic Green Left</i>	Vinstri-grænir í Evrópu og á Norðurlöndunum	41	39	5,46	5,67
NI: <i>Non-inscrits</i>	Óháðir	57	29	7,59	3,33
Samtals		751	704**		

*Þegar Bretland gekk úr ESB þann 31. janúar 2020 þá fækkaði sætum á Evrópuþinginu úr 751 í 705.

**Spánverjar eiga 59 þingsæti en eitt þeirra er laust í augnablikinu.



Tengsl íslenskra stjórnmálaflokka við flokkahópa og Evrópuflokka

Íslenskir stjórnmálaflokkar eiga í samstarfi við flokkahópa Evrópuþingsins í gegnum Evrópuflokka. Eins og fyrr segir þá eiga stjórnmálaflokkar víðsvegar að úr Evrópu aðild að Evrópuflokkum en í þeim er ekki einungis að finna stjórnmálaflokka, sem aðild eiga að flokkahópunum á Evrópuþinginu, heldur líka flokka frá aðildarríkjum ESB, sem ekki eiga sæti á þinginu, sem og flokka frá löndum, sem ekki eru í ESB, líkt og í tilfalli íslenskra stjórnmálaflokka.

Sjálfstæðisflokkurinn á aðild að Flokki evrópskra sjálfstæðis- og endurbótasinna (*European Conservatives and Reformists Party*), sem flokkahópur sjálfstæðis- og endurbótasinna hjá Evrópuþinginu (ECR) á einnig aðild að. Sjálfstæðisflokkurinn hefur átt fulltrúa í stjórn flokksins og tekið fullan þátt í starfi hans, m.a. stjórnarfundum, leiðtogafundum og ýmis konar ráðstefnum á vegum flokksins.

Samfylkingin á aukaaðild að Flokki evrópskra sósíalista (*Party of European Socialists*), sem flokkahópur jafnaðarmanna hjá Evrópuþinginu á einnig aðild að. Samfylkingin hefur tekið virkan þátt í starfi samtakanna og hafa kvennahreyfing og ungliðasamtök flokksins t.a.m. átt gott samstarf innan þeirra. Flokkurinn hefur einnig átt í samstarfi við flokkahóp jafnaðarmanna á Evrópuþinginu og sótti m.a. kynningar á starfi þingsins á meðan á aðildarferli Íslands að ESB stóð á sínum tíma.

Framsóknarflokkurinn á ekki í formlegu samstarfi við neinn Evrópuflokk. Einstaka þingmenn flokksins og flokksfélagar hafa þó sótt fundi hjá Flokki bandalags frjálslyndra í Evrópu (*Alliance of Liberals and Democrats for Europe Party*) á liðnum árum.

Viðreisn á aðild að Flokki bandalags frjálslyndra í Evrópu.

Píratar eru stofnaðilar að Evrópska pírataflokknum (*European Pirate Party*). Flokkurinn er fulltrúi Pírata í Evrópu gagnvart stofnunum ESB en hann er ekki skráður hjá ESB sem Evrópuflokkur.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð, Miðflokkurinn og Flokkur fólksins starfa ekki formlega með Evrópuflokkum.

Nefndir

Evrópuþingið hefur 20 [fastanefndir](#) (fagnefndir). Í hverri nefnd sitja 25–81 þingmaður og endurspeglar hlutfall þeirra samsetningu þingsins. Nefndafundir eru opnir og fara fram í Brussel einu sinni til tvisvar í mánuði á milli þingfunda. Nefndirnar gegna lykilhlutverki í lagasetningarferli ESB, þær fjalla um tillögur framkvæmdastjórnarinnar og leggja fram breytingartillögur á allsherjarfundum. Aðeins ein nefnd er ábyrg fyrir breytingartillögu í hverju máli, þótt aðrar nefndir geti veitt þeirri nefnd sem ábyrg er álit. Hver nefnd tilnefnir formann og einn til fjóra varaformenn og er einnig með eigið skrifstofuhald. Að auki eru skipaðar 44 fulltrúanefndir (e. delegations) sem eru ábyrgar fyrir samskiptum við ákveðin svæði, samtök og þjóðþing landa, sem eru ekki í ESB. Þær eru skipaðar á svipaðan hátt og fastanefndirnar og fjöldi fulltrúa í hverri nefnd er á bilinu 7-78. Ein af þessum fulltrúanefndum er [sameiginleg þingmannanefnd Íslands og ESB](#) (*EU-Iceland Joint Parliamentary Committee*). Þingið getur skipað undirnefndir og tímabundnar nefndir um ákveðin málefni. Auk þess getur þingið, í samræmi við eftirlitshlutverk sitt, sett á stofn rannsóknarnefndir til að rannsaka brot á lögum Sambandsins eða ásakanir um slæga framkvæmd á Evrópulöggjöf.

Forseti Evrópuþingsins

Á tveggja og hálfis árs fresti kýs þingið sér [forseta](#). Hann er fulltrúi þingsins út á við og gagnvart öðrum stofnunum ESB. Forsetinn hefur yfirumsjón með þingstörfunum og sér til þess að þingsköp séu virt. Undirskrift hans markar samþykkt fjárlaga ESB og einnig undirritar hann, ásamt forseta ráðsins, þau lög sem hafa verið samþykkt samkvæmt almennu lagasetningarmeðferðinni. Eins og áður hefur komið fram er David Sassoli (S&D) forseti þingsins og mun hann sitja í embætti a.m.k. út árið 2021.